

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli Borgarbyggðar árið 2011.

1. gr.

Hunda- og kattaeyndur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í 1. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Borgarbyggð, skulu greiða leyfisgjald skv. staflíð b í 2. gr. og staflíð b í 6. gr. samþykktar um hunda- og kattahald nr. 107/2008.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund sbr. staflíð b í 2. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 11.000 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött sbr. staflíð b í 6. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 5.500 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. maí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá Borgarbyggð fær 50% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda samkvæmt 4. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 14.000. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera 6.500 kr. fyrir 1. skipti, kr. 8.500 kr. fyrir 2. skipti og kr. 11.000 fyrir 3. skipti.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti samkvæmt 8. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 9.000.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eigenda sínum fyrr en að lokinni skáningu.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunar-kostnað.

5. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi.

Staðfest af sveitarstjórn Borgarbyggðar 9. desember 2010.

Borgarnesi, 10. desember 2010.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.